

Hjúkrun fullorðinna 2 HJÚK2HM05 Námsáætlun Haust 2025 fjarnám



Verkefnaskólinn á Akureyri

Kennari:	Inga Björg Ólafsdóttir	Skammst.	IBÓ
----------	------------------------	----------	-----

ÁFANGALÝSING:

Fjallað er um umhyggjuhugtakið og sjálfsumönnun ásamt helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang. Fjallað er um hjúkrunarferli og faglega hjúkrunarskráningu. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með bráða- og langvinna sjúkdóma sem tengjast eftirtöldum kerfum: hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum. Fjallað er um hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma. Í áfanganum er lögð áhersla á tengingu fræðilegrar þekkingar við skipulagningu og framkvæmd hjúkrunar.

MARKMIÐ:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu hjúkrunarkenningum og tengslum þeirra við starfsvettvang
- umhyggjuhugtakinu og sjálfsumönnun
- mikilvægi hjúkrunarskráningar
- áhrifum bráðs og langvinns heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- hjúkrun sjúklinga með sjúkdóma í hjarta- og æðakerfi, öndunarfærakerfi, meltingarkerfi, þvag- og kynkerfum
- helstu einkennum illkynja sjúkdóma í þeim líffærakerfum sem fjallað er um í lýsingu
- undirbúningi og eftirmeðferð vegna rannsókna og skurðaðgerða
- þverfaglegri teymisvinnu í meðferð skjólstæðinga

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- sýna skjólstæðingi og aðstandendum stuðning og umhyggju
- greina á milli mismunandi hjúkrunarþarfa langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- beita viðeigandi hjúkrunarmeðferð fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- beita ólíkum vinnubrögðum við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- veita sjúklingum og aðstandendum faglega umhyggju og stuðning
- vinna eftir viðurkenndri hjúkrunarskráningu

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta hjúkrunarþarfir langveikra, bráðveikra og mikið veikra
- meta og útskýra áhrif bráðs og langvinns heilsubrests á sjálfsmynd og líðan skjólstæðinga
- bregðast við algengum aukaverkunum meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- leiðbeina skjólstæðingum með athafnir daglegs lífs
- velja milli ólíkra vinnubragða við smitgát eftir eðli sjúkdómsástands
- útskýra algengar aukaverkanir meðferðar vegna illkynja sjúkdóma
- taka þátt í þverfaglegri vinnu í meðferð skjólstæðing

Hjúkrun fullorðinna 2 HJÚK2HM05 Námsáætlun Haust 2025 fjarnám



Verkefnaskólinn á Akureyri

NÁMSGÖGN:

Hjúkrun 2. þrep. Hjúkrun fullorðinna. Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir ritstjóri, gefin út 2015 af lðnó.

Efni frá kennara.

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG FYRIRLÖGN NÁMSMATSPÁTTA:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspátta
Vika 38	Sjálsfumönnun kafla 3, og umhyggja við heilbrigðisstörf (kafla 4)	Leska kafla 3 og 4	Skilaverkefni 1 3%
Vika 39	Hjúkrunarferlið	Leska kafla 5	Skilaverkefni 2 3%
Vika 40-41	Hjúkrun sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma.	Leska kafla 8	Skilaverkefni 3 3% Skilaverkefni 4 3% Annarpróf 15%
Vika 42-43	Hjúkrun einstaklinga með lungna- og öndunarferasjúkdóma	Leska kafla 9	Skilaverkefni 5 3% Skilaverkefni 6 3% Hjúkrunarferlisverkefni 10%
Vika 44	Hjúkrun einstaklinga með sjúkdóma í meltingarvegi	Leska kafla 10	Skilaverkefni 7 3%
Vika 45	Hjúkrun einstaklinga með nýrnabilun	Leska kafla 11	Skilaverkefni 8 3%
Vika 46	Hjúkrun einstaklinga með þvagferasjúkdóma	Leska kafla 12	Skilaverkefni 9 3%
Vika 47	Hjúkrun sjúklinga með illkynja sjúkdóma.	Námsefni frá kennara.	Skilaverkefni 10 3%
Vika 48	Kynning nemenda og undirbúningur fyrir lokapróf.		Kynning 10%
Vika 49	Lokapróf		Próf 35%

Hjúkrun fullorðinna 2
HJÚK2HM05 Námsáætlun
Haust 2025 fjarnám



NÁMSMAT OG VÆGI NÁMSMATSPÁTTA:

Matsform: ☐ Símat ☒ Lokapróf ☐ Lokaverkefni		
Námsmat spættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi
Skilaverk efni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálfis mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu.	30 %
Verkefni	Hjúkrunarferlisverkefni	10 %
Annarpróf	Annarpróf á moodle	15 %
Kynning	Kynning nemenda á ákv. efni áfangans	10 %
Lokapróf	Lokapróf í desember	35 %
	Samtals:	100%
Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í Innu á því formi sem best hentar. Annað: Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatspáttum.		

Gervigreind (t.d. ChatGPT, Copilot o.fl.) má nota sem stuðning við nám, en ekki sem staðgengil fyrir vinnu nemanda. Nemendur skulu nota tæknina á ábyrgðarfullan og gagnsæjan hátt.

Leyfileg notkun- dæmi:

- Að fá útskyringar á hugtökum eða efni sem er erfitt að skilja.
- Að fá hugmyndir af uppsetningu eða orðalagi á ákveðnum hlutum í ritgerðarvinnu.
- Að láta leiðrétta málfar eða fá tillögur að betri framsetningu.

Óleyfileg notkun:

- Að skila verkefni sem gervigrein hefur samið að mestu eða öllu leyti.
- Að nota gervigreind til að svara verkefnum eða prófum sem lagt er fyrir nemendur.

Gagnsæi og ábyrgð:

- Ef gervigreind er notuð skal það koma fram í verkeninu. T.d. með athugasemd eða heimildaskrá).
- Nemandi ber ábyrgð á að skilja efnið og geta útskýrt eigin framlag.

Misnotkun getu leitt til viðurlaga samkvæmt reglum skólans um heiðarleika í námi.